

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landspildur úr Garðatorfunni fornu og þrjár jarðir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar landspildur og jarðir:

I. Garðahreppi þessar landspildur úr Garðatorfunni:

1. Spildu, sem afmarkast að norðan af Arnarneslæk, að austan af Reykjanesbraut að Álftanesvegi, meðfram Álftanesvegi að Gálgahrauni, meðfram hraunjaðrinum í Arnarnesvog, síðan meðfram Arnarnesvogi að Arnarneslæk.
2. Spildu, sem afmarkast að norðan af Álftanesvegi, frá skógræktargirðingu að markavörðu Hafnarfjarðar og Garðahrepps við Engidal, að sunnan og austan af markalínu Hafnarfjarðar og Garðahrepps frá ofannefndri vörðu, þar til hún sker línu, sem dregin er frá Álftanesvegi samhliða skógræktargirðingunni.
3. Spildu, sem afmarkast að norðan af Víflsstaðavegi, að austan af fyrirhuguðum Suðurnesjavegi, að sunnan af Hraunsholtslæk að landamörkum Hraunsholts, síðan meðfram þeim mörkum að Reykjanesbraut, að vestan af Reykjanesbraut að Víflsstaðavegi.

II. Bæjarsjóði Neskaupstaðar jörðina Vindheima í Neskaupstað.

III. Hermanní Guðmundssyni bónda á Eyjólfssstöðum í Beruneshreppi og Gunnari Guðmundssyni bónda, Lindarbrekku, sama hreppi, eyðijörðina Eiríksstaði í Fossárdal.

IV. Garðahreppi jörðina Bala í Garðahverfi.

2. gr.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins samkv. I. tölul. 1. gr., skal það metið af dómkvöddum mönnum.

Andvirði landsins skal Garðahreppi heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Garðahreppi var gert að greiða fyrir landið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.